

SAFEGUARD UNIVERSAL ES

Safeguard Universal ES er tvíþátta ryðvarnarmálning gerð úr epoxý og vinýl bindiefnum.

Safeguard Universal ES er venjulega notað sem ryðvarnarmálning í ýms konar málningarkerfum eða sem grunnur á gamla botnmálningu. Sjálfslípanði botnmálning hefur mjög góða viðloðun við **Safeguard Universal ES** sem og flestar gerðir af yfirmálningu (ekki alkýð).



Safeguard Universal ES er tvíþátta ryðvarnarmálning gerð úr epoxý og vinýl bindiefnum.

Litur: Rauður

Purrefni (% af rúmmáli): 62 ± 2

Blossamark: 27°C

Áferð: Hálfhljándi

Sveigjuþol: Gott

Vatnsþol: Mjög gott

VOC (UK-PG6/23(97). Viðauki 3): 330g/L

Leysiefnaþol: Gott

Efnaþol: Gott

Slitþol: Gott

Ráðlögð efnisnotkun:

Filmuþykkt í umferð míkron

	Þurr	Blaut
Möguleg	50-200	80-325
Dæmigerð	150	240

Reiknuð þekja - m²/L

Möguleg: 12,4-3,1

Dæmigerð: 4,1

Áhöld: Háþrýstisprauta. Pensill fyrir blett-málun og minni verk en þá skal tryggja að fyrirskrifuð þurrfilmuþykkt náist.

Blöndun herðis (rúmmál): 5 hl. A (stofn) á móti 1 hl. B, blandist 10 mín. fyrir notkun.

Þynnir/Hreinsun áhalda: Epoxýþynnir, (Jotun þynnir Nr. 17)

Notatími (við 23°C): 2 klst (lengist eftir því sem hitastigið lækkar)

Háþrýstisprauta, leiðbeiningar

Þrýstingur við spíss: 15 MPa (150 Bar, 2100 psi.)

Spíss: 0,019"-0,031" (0,48-0,78 mm)

Sprautugeisli: 65-80°

Sigti: Athugið að sigti séu hrein.

ATHUGIÐ! Ráðlagt er að hitastig á blöndu A og B hluta sé a.m.k. 15°C annars þarf að þynna efnið til að ná réttri seigju. Of mikil þynning veldur því að efnið rennur frekar til á fletinum og hægir á hörðun. Ekki bæta þynni í fyrir en búið er að blanda A og B hlutum vel saman.

Þurrktími: Þurrktími er almennt háður hreyfingu loftsins, hitastigi, filmuþykkt og fjölda málningarumferða. Tölurnar í töflunni miðast við:

- Góða loftræstingu (utanhúss eða eðlilega lofthreyfingu)
- Ráðlagða filmuþykkt.
- Eina umferð á óvirkt undirlag.

Hitastig undirl.	-5°C	0°C	5°C	10°C	23°C
Snertiþurr	24 klst	12 klst.	8 klst.	5 klst.	2 klst.
Gegnumþurr	44 klst.	30 klst.	24 klst.	18 klst	10 klst.
Fullharðnað	21 dag.	14 dag.	7 dag.	5 dag.	3 dag.

Yfirmálunartími

Lágmark	44 klst.	30 klst.	24 klst	18 klst.	10 klst.
Hámark¹	—	—	—	—	—

1. Flöturinn skal vera laus við krítun og óhreinindi fyrir málun. Besta viðloðun milli umferða fæst þegar seinni umferðin er máluð áður en sú fyrri er fullhörnuð.

Líta verður á tölurnar í töflunni hér að ofan sem leiðbeinandi. Raunverulegur yfirmálunartími getur verið lengri eða skemmri, háður málningunni sem fyrir er, filmuþykkt, málningarkerfinu sem var valið, fjölda umferða, loftræstingu, hitastigi, kröfum um meðhöndlun hlutanna og styrk filmunnar á fyrstu stigum o.fl. Heildarmálningarkerfinu er hægt að lýsa á verklýsingarblaði þar sem allir þættir eru teknir með.

Geymsla og umbúðir

Geymsla: Vöruna skal geyma í samræmi við reglugerðir. Varan er best geymd á þurrum og vel loftræstum stað. Umbúðir skal geyma þéttlokaðar.

Meðhöndlun: Sýnið aðgæslu. Hrærið upp fyrir notkun.

Umbúðir: 15 L hluti A (stofn) ; 3 L hluti B

Varúðarráðstafanir

Vinsamlegast lesið varúðarleiðbeiningar á umbúðum. Við sprautun er góð loftræsting nauðsynleg. Varist innöndun á sprautuúða. Notið loftgrímu við sprautun. Forðist snertingu við hörund. Þvoíð málningu af hörundi með viðeigandi hreinsiefni, sápu og vatni. Fari málning í augu skal skola þau með miklu vatni og leita aðstoðar læknis umsvifalaust. Ítarlegar upplýsingar um hættur og öryggisráðstafanir við notkun er að finna á Öryggisblöðum.